

1. fundur fræðslunefndar ársins 2013 vegna Undralands, haldinn 30. janúar 2013 í leikskólanum, kl. 16.00. 18. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð, Gunnar Þór Jóhannesson, Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri, Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Katrín Emilsdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra.**
- 2. Skólastefna.**
- 3. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Formaður bauð nýjan leikskólastjóra, Höllu Gunnarsdóttur, velkomna til starfa. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- ❖ Nýr leikskólastjóri hóf störf 2.janúar 2013 eða um leið og leikskólinn opnaði eftir jólafrí.
- ❖ Við byrjuðum árið á starfsdegi þar sem áframhaldandi vinna var við skólanámskrágerð leikskólans. Teknir voru fyrir tveir námsþættir „Heilbrigði og vellíðan“ og „Sjálfbærni og vísindi“.
Starfsmenn sóttu einnig fyrirlestur ásamt starfsfólki Flúðaskóla. „Hamingja og heilbrigði í skólastarfi“ það var Ásdís Olsen sem var með hann. Vorum við sammála um að þetta var afskaplega gagnlegur fyrirlestur um hvernig hamingjan er í okkar höndum og nauðsynlegt að miðla henni til allra. Eftir fyrirlesturinn unnu starfsmenn inná sínum deildum að undirbúningi starfsins.
- ❖ ART-þjálfunin er í fullum gangi og gengur vel. Sigríður Þorsteinsdóttir Art kennari frá Selfossi kom og heimsótti Art hópana og leist mjög vel á hvernig gengur hjá þeim.
- ❖ Aðlögun 12-14 mánaða barna í janúar 2013. 7.janúar voru væntanleg 6 börn á aldrinum 12-14 mánaða. Eitt þeirra kom í vikunni áður og annað var veikt fyrstu daga aðlögunarinnar þannig að ekki tókst að aðlaga alla í einu.
Foreldrar voru með barninu sínu í leikskólanum allan vistunartímann þeirra. Tvö af börnunum voru með foreldri sínu í 5 daga, hin í 3 daga. Best gekk að aðlaga yngsta barnið af þessum 6, sem varð 1 árs í lok síðasta árs.
Það er okkar reynsla að betur gengur að aðlaga börnin þegar þau eru þetta ung, þau hafa ekki eins mikið vit á aðskilnaði við foreldra og því er minna um grátur en við erum vanar þegar börn í kringum 18 mánaða koma í aðlögun. Það er því engin spurning í okkar huga að haldið verði áfram að taka inn börn við 12 mánaða aldur.

Freyja, Móa, Heiða og Elín.

- ❖ Skiptiheimsóknir á milli skólastiga eru byrjaðar og búið að skipuleggja þær fram á vorið. Heimsóknirnar eru skipulagðar með það í huga að leikskólabörnin taki þátt í öllum námsgreinum 1.bekkjara og hitti sem flesta starfsmenn Flúðaskóla. Þau fá einnig að borða í mötuneytinu. Erla Jóhannsdóttir heldur utan um heimsóknirnar ásamt leikskólastjóra.
- ❖ Nanna Mjöll Atladóttir félagsráðgjafi var með kynningu á barnavernd á fagfundum leiðbeinenda föstudaginn 18.jan. Þar fór hún yfir hvernig bregðast skal við ef grunur leikur á vanrækslu o.þ.h. gagnvart börnum. Starfsfólki gafst einnig tækifæri til að spyrja hana út í þessi mál. Hún ætlar að koma með sömu kynningu á fagfundum stjórnenda 1.febr.

- ❖ Keyptur var sófi og gólfmotta frá Ikea inn á Skógarkot. Keyptum við gólfstól frá Ísey fyrir starfsfólk inn á Móakot til reynslu og stendur til að kaupa fleiri. Einnig er verið að skoða að kaupa grjónapúða inn á Móakot.
- ❖ Unnur Þórsdóttir lengdi viðverutímann sinn hjá okkur á fimmtudögum. Hún er til kl:14.00 á fimmtudögum og til kl:12.00 á föstudögum.
- ❖ Heimasíða Leikskólans hefur legið niðri allan janúarmánuð og er það mjög miður. Einhver bilun er í tæknikerfinu okkar sem ekki er hægt að laga fyrr en skipt verður út tæknibúnaði. Vonum að þetta taki ekki mikið lengri tíma.
- ❖ Karladagurinn var í leikskólanum á Bóndadegi. Það mættu margir karlar á ýmsum aldri. Allir voru leystir út með gjöf sem börnin höfðu búið til.
- ❖ Dagur leikskólans verður 6. febrúar. Í tilefni dagsins opna nemendur leikskólans myndlistasýningu í versluninni Samkaup/Strax. Sýningin verður opin út febrúarmánuð. Dagur leikskólans er haldin til að vekja athygli á leikskólanum og því frábæra starfi sem þar fer fram.

2. Skólastefna.

Gunnar fór yfir drög að gerð sameiginlegrar leikskólastefnu fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Rætt um næstu skref. Samþykkt að senda drögin til frekari úrvinnslu í „stóra“ hópnum.

3. Önnur mál.

a) Gerð námskrár. Leikskólastjóri skýrði frá því að vinna við námsskrá væri á umræðustigi, en til þess að hægt sé að vinna vel í verkefninu þá þurfi 1 – 2 klst. í mánuði fyrir starfsfólki til að vinna það áfram. Vinnan verði í gangi fram á vorið. Fræðslunefnd leggur til að leikskólastjóri ræði við sveitarstjóra um kostnað og fl.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16.45.